JÓN ODDSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

GARÐASTRÆTI 2 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 561 - FASTEIGNADEILD SÍMI 13040 - LÖGFRÆÐIDEILD SÍMI 13153

Hr. fltr. yfirsakadómara,
Örn Höskuldsson,
Sakadómur Reykjavíkur,
Borgartúni 7,
Reykjavík.

Reykjavík, 22. júlí 1976.

JÓ/GP.

Hraðbréf + ábyrgð.

Efni: Réttargæzla skjólstæðings míns Sævars Marinó Ciesielski.

Ég leyfi mér hr. dómsri, að ítreka margítrekuð tilmæli mín um, að skjólstæðingur minn verði yfirheyrður fyrir dómi, þ.e. Sakadómi Reykjavíkur, að mér viðstöddum og þá í viðeigandi réttarsal eða þá teknar af honum lögregluskýrslur vegna framburðar hans og skv. tilmælum hans. Hefur skjólstæðingur minn margóskað eftir þessu og með tilliti til allra aðstæðna og svo þess, er fyrir liggur í málinu, þykir mér þetta mjög brýnt vegna hagsmuna skjólstæðings míns.

Þá vil ég að gefnu tilefni árétta hinar ýmsu umkvartanir skjólst. míns varðandi vistun hans og varðhald að Síðumúla í Reykjavík. Jafnframt vek ég athygli yðar, hr. dómari, á ummælum Jóns Thors stjórnarráðsfltr. í dómsmálaráðuneytinu í dagblöðum um ástandið í viðkomandi fangelsisstofnun.

Vænti ég þess, að þér sjáið yður fært að verða við kröfum skjólstæðings míns hið fyrsta, enda tel ég þessi atriði geta haft mikla þýðingu varðandi umfangsmikla rannsókn máls þessa.

Þá óska ég og eftir aðstöðu til að kynna mér skjöl og gögn málsins við fyrsta hentuga tækifæri.

Með virðingu,

Jón Oddsson hrl.

*JÓN ODDSSON* HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

GARÐASTRÆTI 2 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 561 - FASTEIGNADEILD SÍMI 13040 - LÖGFRÆÐIDEILD SÍMI 13153

Hr. dómforseti,
Gunnlaugur Briem,
Sakadómmm Reykjavíkur,
Borgartúni 7,
Reykjavík.

Reykjavík, 11.maí 1977.

Ég leyfi mér hér með að senda yður þessar línur varðandi skjólstæðing míns Sævar Marínó Ciesielski varðandi atburði þá, er eiga að hafa gerst að Hamarsbraut í Hafnarfirði í janúarmánuði 1974 í sambandi við hvarf Guðmundar Einarssonar eða nánar tiltekið aðfaranótt sunnudagsins 27. jan. 1974. Skjólstæðingur minn hefur haldið því fram, að hann hafi eigi verið staddur suður í Hafnarfirði þetta kvöld eða þessa nótt, heldur hafi hann verið staddur hjá vinkonu sinni í starfsmannahúsi Kópavogshælis sbr. og framburði viðkomandi stúlkna. Hann hafi fyrst komið á Hamarsbraut sunnudagskvöldið 27. janúar 1974 eftir að hann kom til landsins í þetta skipti sbr. hér og skýrslur Erlu Bolladóttur hjá fíkniefnalögreglunni, sem lagðar hafa verið fram svo og frásögn Erlu hjá Gísla Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni. Tel ég því það brýna nauðsyn, að Erla Bolladóttir verði nánr látin gera grein fyrir ósamræmi í framburði sínum varðandi þetta atriði m.a. með samprófun við skjólstæðing minn. Ég verð að lýsa yfir óánægju minni með það, að Gunnar Jónsson skuli nú farin úr landi, þar sem ég tel að lögmenn ákærðu í málinu hafi ekki haft sömu aðstöðu og saksóknari ríkisins til að yfirheyra vitnið og þá sérstaklega, þar sem skjólstæðingur minn lagði ríka áherslu á, að fá samprófun við vitnið og varð til þess að benda á vitnið. Tel ég því ríka ástæðu til, að skjóstæðingur minn fái tækifæri til að tjá sig frekar um þetta atriði fyrir dómi. Í vörslu yðar er pappaspjald, er var í klefa skjólstæðings míns og skjólstæðingur minn tjáði okkur Gísla Guðmundssyni, að væri komið frá Erlu Bolladóttur og á það letrað frá henni. Þá tjáði hann okkur að honum hefðu borist tvö önnur bréf frá Erlu í Síðumúla. Tel ég að þessi gögn þurfi að leggja fram og að rannsókn fari fram á því, hvernig skjólstæðingi mínum barst þetta í hendur, enda telur hann þetta hafa haft áhrif á rannsókn málsins. Varðandi ásakanir

*JÓN ODDSSON* HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

GARÐASTRÆTI 2 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 561 - FASTEIGNADEILD SÍMI 13040 - LÖGFRÆÐIDEILD SÍMI 13153

Reykjavík,

skjólstæðings míns á starfsmenn fangelsins í Síðumúla óska ég eftir, að þeir 2 kvenfangaverðir, er Kjartan Kjartansson fangavörður benti á, gefi skýrslur fyrir dómi. Ég legg ríka áherslu á, að skjólstæðingur minn verði fluttur úr fangelsinu í Síðumúla, þar sem ég tel dvöl hans þar hafa mjög óheppileg áhrif á hann. Vegna sífelldra breytinga á framburði Alberts Klahn Skaftasonar tel ég rétt að hann verði sérstaklega kallaður frekar til skýrslugjafar og samprófunar. Þá óska ég eftir, að bandaríski ræðismaðurinn í sendiráði Bandaríkjanna hér á landi gefi skýrslur um viðtöl hans við skjólstæðing minn, en hann hefur fylgst nokkuð með málinu og heimsótt skjólstæðing minn nokkrum sinnum. Þá tel ég ástæðu til, að lagt verði fram í málinu skýrslur úr dagbókum fangelsanna um yfirheyrslur yfir skjólstæðing mínum, heimsóknir og allt þar er varðar dvöl skjólstæðing míns svo sem læknisvitjanir, hvenær hann hafði bækur, skriffæri, tóbak og annað, hversu lengi yfirheyrslur stóðu, hvaða fangaverðir voru á hverjum tíma og hvenær nýir menn ráðnir sbr. langa skýrslu mína varðandi ráðningu fangavarða frá vori 1976, einkum að því er varðar þá Hlyn Þ. Magnússon og Skúla Steinsson, sbr. skýrslu Rannsóknarlögreglunnar í Rvík. nr. 2349 1976 gerða af Grétari Sæmundssyni, lögreglumanni 8.6. 1976. Tel ég ofangreind atriði mjög þýðingamikil og vænti því skjótra úrræða hins háttvirtaadóms.

Með virðingu,

Reykjavík 13. júní 1977

Hr. hæstaréttarlögm.
Jón Oddsson
Garðarstræti 2, Rvík.

Hér með afhendi ég yður staðfest endurrit úr dagbók fangelsins, varðandi allar umbeðnar upplýsingar um gæsluvarðhaldsfangann Sævar Marinó Ciesielski, sem þér báðuð mig um í bréfi dags. 11. maí sl.

Virðingarfyllst,
Gunnar Guðmundsson
Gunnar Guðmundsson,
forstöðumaður.

Endurrit úr dagbók fangelsins að Síðumúla 28, vegna innsetningar, yfirheyrslna og læknisvitjanna í sambandi við Sævar Marinó Ciesielski.

| | | |
|---|---|---|
| 12/12 1975 | kl. 17:45 | komu Sigurbjörn og Eggert með Sævar M. Ciesielski, hafði hann verið úrskurðaður í 30 d. gæsluvarðhald. |
| 13/12 1975 | kl. 10:45 | kom Guðsteinn læknir og skoðaði Sævar Marinó og fl. |
| 13/12 1975 | kl. 21:05 | töluðu þeir Sigurbjörn og Eggert við Sævar smá stund. |
| 15/12 1975 | kl. 16:15 | hringt í Ásgeir Friðjónsson að beiðni Sævars. |
| 15/12 1975 | kl. 16:30 | kom Gísli Pálsson lögreglum. og flutti Sævar í fíkniefnadóminn til Ásgeirs. |
| 15/12 1975 | kl. 23:40 | komið með Sævar úr fíkniefnadómi. |
| 16/12 1975 | kl. 14:00 | sótti Gísli Pálsson lögreglum., Sævar fyrir fíkniefnadóminn. |
| 16/12 1975 | kl. 18:00 | komið með Sævar úr fíkniefnadómi. |
| 17/12 1975 | kl. 09:40 | kom Jón Oddsson hrl. og talaði við Sævar. |
| 17/12 1975 | kl. 10:15 | sótti Gísli Pálsson lögreglum. Sævar Marinó fyrir fíkniefnadóminn. |
| 17/12 1975 | kl. 10:30 | fór Jón Oddsson hrl. |
| 17/12 1975 | kl. 12:25 | kom Gísli Pálsson lögreglum. með Sævar úr fíkniefnadómi. |
| 17/12 1975 | kl. 14:20 | sótti Gísli, Sævar Marinó aftur og flutti í fíkniefnadóminn. |
| 17/12 1975 | kl. 18:35 | komið með Sævar úr fíkninefnadómi. |
| 18/12 1975 | kl. 11:00 | sótti Gílsi Pálsson lögreglum. Sævar fyrir fíkninefnadóminn. |
| 18/12 1975 | kl. 17:20 | komið með Sævar úr fíkniefnadómi. |
| 19/12 1975 | kl. 18:25 | kom Jón Oddsson hrl. og talaði við Sævar. |
| 19/12 1975 | kl. 19:45 | fór Jón hrl. |
| 20/12 1975 | kl. 15:15 | kom Gísli Pálsson lögreglum. og talaði við Sævar Marinó. |
| 20/12 1975 | kl. 16:20 | viðtali Gísla við Sævar lokið. |
| 21/12 1975 | kl. 14:55 | Sævar færður til viðtals við Sigurbjörn og Eggert Bjarnason rslm. |

| | | |
|---|---|---|
| 21/12 1975 | kl. 18:55 | gert hlé á viðtali við Sævar. |
| 21/12 1975 | kl. 19:55 | hófst viðtal að nýju við Sævar (sömu menn). |
| 22/12 1975 | kl. 01:55 | lauk viðtali við Sævar. |
| 22/12 1975 | kl. 11:00 | var Sævar tekinn til viðtals af Sigurb. og Eggert Bjarnasyni rslm. |
| 22/12 1975 | kl. 13:00 | gert hlé á viðtali við Sævar. |
| 22/12 1975 | kl. 14:00 | Sævar færður fyrir sömu lögreglum. aftur, í hronið. |
| 22/12 1975 | kl. 15:20 | kom Örn Höskuldsson fltr. og fer í hornið til lögreglum. og Sævars. |
| 22/12 1975 | kl. 15:30 | kom Jón Oddsson hrl. og fer í hornið og er viðstaddur yfirheyrsluna yfir Sævari. |
| 22/12 1975 | kl. 19:oo | yfirheyrslu yfir Sævari lokið. |
| 23/12 1975 | kl. 12:30 | tók Eggert Bjarnason rslm. Sævar tali, en Sævar vildi ekki tjá sig án lögmanns, var hann þá færður á klefa sinn aftur. |
| 23/12 1975 | kl. 18:45 | Sævar færður fyrir Sigurbjörn og er Jón Oddsson hrl. viðstaddur. |
| 23/12 1975 | kl. 19:00 | viðtali lokið. Sigurbjörn og Jón hrl. tala við Sævar í 10 mín. á klefa hans. |
| 24/12 1975 | kl. 16:45 | kom Jón Oddsson hrl. og talaði við Sævar smá stund (jólaóskir). |
| 27/12 1975 | kl. 13:00 | var Sævar færður fyrir Sigurbjörn og Eggert rslm. og síðar Örn fltr. |
| 27/12 1975 | kl. 13:50 | fóru Sigurbjörn og Eggert með Sævar í ökuferð. |
| 27/12 1975 | kl. 16:45 | komu rslm. aftur með Sævar. |
| 29/12 1975 | kl. 14:50 | var Sævar tekinn til yfirheyrslu af Sigurbirni og Eggert Bjarnasyni. |
| 29/12 1975 | kl. 16:00 | lauk yfirheyrslunni. |
| 30/12 1975 | kl. 11:30 | kom Jón Oddsson hrl. og talaði við Sævar í áheyrn Sigurbj. Víðis rslm. |

---

| | | |
|---|---|---|
| 2/1 1976 | kl. 16:20 | Sævar færður fyrir Eggert rslm. og Örn fltr. |
| 2/1 1976 | kl. 17:00 | Sævar færður á klefa sinn. |
| X 2/1 1976 | kl. 23:45 | farið með lyfjaskammt til Sævars, sem hann hafnaði. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3/1 | 1976 | kl. | 09:50 | kom Guðsteinn læknir og talar við Sævar og fl. |
| 3/1 | 1976 | kl. | 13:10 | var Sævar færður til viðtals við Eggert Bjarnason rslm. |
| 3/1 | 1976 | kl. | 13:15 | viðtalinu lokið. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 13:30 | kom Jón Oddsson hrl. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 13:55 | Sævar færður fyrir Eggert, Sigurbjörn og Jón Oddsson hrl. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 14:25 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 15:30 | Örn fltr. fór inn til,Sævars og talaði við hann í ca. 10 mín. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 16:15 | Sævar færður til viðtals við Örn fltr. og Jón Oddsson hrl. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 16:18 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 16:50 | Sævar færður til viðtals við Eggert og Sigurbjörn rslm. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 19:00 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 20:00 | Sævar færður til viðtals við Eggert og Sigurbjörn. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 22:10 | kom Jón Oddsson hrl. og fór í hornið til Eggerts, Sigurbjörns og Sævars. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 22:50 | fór Jón Oddsson hrl. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 23:00 | fóru Eggert, Sigurbjörn og Örn fltr. með Sævar í ökuferð. |
| 4/1 | 1976 | kl. | 24:00 | komið með Sævar úr ökuferðinni. |
| 5/1 | 1976 | kl. | 13:30 | Sævar færður til viðtals við Eggert og Sigurbjörn rslm. |
| 5/1 | 1976 | kl. | 15:30 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 6/1 | 1976 | kl. | 13:50 | Sævar færður til viðtals við Eggert Bjarnason rslm. |
| 6/1 | 1976 | kl. | 16:05 | kom Jón Oddsson hrl. og fór í viðtalið hjá Eggert og Sævari. |
| 6/1 | 1976 | kl. | 16:40 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 9/1 | 1976 | kl. | 10:30 | Sævar færður til viðtals við Örn Höskulds-son fltr. |
| 9/1 | 1976 | kl. | 10:45 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 10/1 | 1976 | kl. | 16:40 | Sævar færður fyrir Eggert Bjarnason rslm. |
| 10/1 | 1976 | kl. | 18:05 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 11/1 | 1976 | kl. | 13:40 | Sævar færður fyrir Eggert, Sigurbjörn og skömmu síðar Örn fltr. |
| 11/1 | 1976 | kl. | 15:45 | Sævar undirritar skýrslu og er síðan |

færður á klefa sinn.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11/1 | 1976 | kl. 16:20 | Sævar tekinn fyrir dóm og úrskurður framlengdur um 60 daga. |
| 11/1 | 1976 | kl. 17:30 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 13/1 | 1976 | kl. 17:15 | komu Örn fltr. og Sigurbjörn og töluðu þeir örfá orð við Sævar, sem vísaði þeim á ákveðinn stað ?. |
| 13/1 | 1976 | kl. 21:40 | fóru Örn fltr., Sigurbjörn og Eggert með Sævar í ökuferð. |
| 13/1 | 1976 | kl. 23:50 | komið með Sævar aftur. |
| 14/1 | 1976 | kl. 13:45 | tók Örn fltr. Sævar til viðtals. |
| 14/1 | 1976 | kl. 14:40 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 16/1 | 1976 | kl. 16:30 | Sævar færður fyrir Örn fltr. og Sigurbjörn í 5 mínútur. Strax eftir að Sævar kom inn á klefa sinn, hringdi hann og bað um að fá að tala við Örn fltr. einslega. Örn talaði við Sævar mjög stutt. |
| 19/1 | 1976 | kl. 14:50 | Sævar færður fyrir Eggert og Sigurbjörn. |
| 19/1 | 1976 | kl. 20:40 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 20/1 | 1976 | kl. 09:05 | Sævar færður fyrir Eggert og Sigurbjörn. |
| 20/1 | 1976 | kl. 14:55 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 21/1 | 1976 | kl. 10:35 | Sævar færður fyrir Eggert og Sigurbjörn. |
| 21/1 | 1976 | kl. 13:45 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 21/1 | 1976 | kl. 16:25 | Sævar færður til viðtals aftur við sömu menn. |
| 21/1 | 1976 | kl. 18:45 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 21/1 | 1976 | kl. 20:15 | Sævar færður til viðtals við Eggert og Sigurbjörn. |
| 21/1 | 1976 | kl. 20:35 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 22/1 | 1976 | kl. 10:05 | Sævar færður fyrir Eggert Bjarnason rslm. |
| 22/1 | 1976 | kl. 11:50 | viðtalinu lokið. |
| 22/1 | 1976 | kl. 14:45 | Sævar tekin til viðtals við Eggert Bjarnson rslm. |
| 22/1 | 1976 | kl. 17:55 | viðtalinu lokið. |
| 23/1 | 1976 | kl. 13:10 | talar Örn fltr. við Sævar inn á Klefa. |
| 23/1 | 1976 | kl. 13:40 | viðtali Arna fltr. við Sævan lokið. |
| 23/1 | 1976 | kl. 17:00 | Eggert fer inn á klefa og talar við Sævar, að hans beiðni. |
| 23/1 | 1976 | kl. 17:50 | viðtalinu lokið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 25/1 | 1976 | kl. | 02:07 | hringir Högni fangavörður í Eggert, að beiðni Sævars, og ber honum þau skilaboð frá Sævari, að hann ætli að gefa mikilvæga skýrslu. |
| 25/1 | 1976 | kl. | 02:40 | kom Eggert og talar við Sævar. |
| 25/1 | 1976 | kl. | 04:20 | skýrslutöku lokið og Sævar færður á klefa sinn. |
| 25/1 | 1976 | kl. | 09:05 | Sævar færður til viðtals við Eggert. |
| 25/1 | 1976 | kl. | 09:20 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 25/1 | 1976 | kl. | 09:40 | Eggert og Sigurbjörn fara í ökuferð með Sævar. |
| 25/1 | 1976 | kl. | 11:55 | komið aftur með Sævar úr ökuferðinni. |
| 25/1 | 1976 | kl. | 14:00 | Sævar færður til viðtals við Eggert. |
| 25/1 | 1976 | kl. | 15:30 | Sævar undirritar skýrslu, en að því loknu er hann færður á klefa sinn. |
| 26/1 | 1976 | kl. | 18:30 | Sævar færður til viðtals við Eggert rslm. |
| 26/1 | 1976 | kl. | 18:45 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 26/1 | 1976 | kl . | 19:30 | gerði Sævar boð eftir Eggert, sem fór strax og talaði við hann. |
| 26/1 | 1976 | kl. | 19:45 | viðtalinu lokið. |
| 26/1 | 1976 | kl. | 23:10 | bað Sævar um viðtal við Eggert rslm. |
| 27/1 | 1976 | kl. | 00:25 | kom Eggert og talaði við Sævar.(skýrsla). |
| 27/1 | 1976 | kl. | 02:10 | lauk viðtalinu og var Sævar færður á klefa sinn. |
| 27/1 | 1976 | kl. | 14:10 | Sigurbjörn talar nokkur orð við Sævar á klefa hans. |
| 27/1 | 1976 | kl. | 14:20 | viðtalinu lokið. |
| 31/1 | 1976 | kl. | 16:45 | fóru Örn fltr, Eggert, Sigurbjörn og Magnús Magnússon rslm. með Sævar í bíltúr. |
| 31/1 | 1976 | kl. | 18:30 | komið með Sævar aftur úr ökuferðinni. |
| 1/2 | 1976 | kl. | 16:30 | hringt í Eggert rslm. að beiðni Eggerts. |
| 1/2 | 1976 | kl. | 17:00 | kom Eggert og fór inn á klefa til Sævars. |
| 1/2 | 1976 | kl. | 17:15 | fór Eggert aftur. |
| 4/2 | 1976 | kl. | 10:40 | Sævar færður til viðtals við Eggert og Sigurbjörn Víðir. |
| 4/2 | 1976 | kl. | 11:20 | Sævar færður á klefa sinn. |
| 4/2 | 1976 | kl. | 14:20 | kom Jón Oddsson hrl. og maður með honum frá sendiráði USA og tala þeir við Sævar. Þetta var í samráði við Örn fltr. |
| Mielzjewski ? | | | | |
| 4/2 | 1976 | kl. | 14:35 | viðtalinu lokið. |

4/2 1976 kl. 19:55 Sævar færður fram til viðtals við Eggert rslm.
4/2 1976 kl. 20:10 viðtalinu lokið.
6/2 1976 kl. 16:35 fóru Örn fltr. og Sigurbjörn Víðir, með Sævar í ökuferð.
6/2 1976 kl. 17:20 kom Sævar aftur úr ökuferðinni.
7/2 1976 kl. 13:20 Eggert talar við Sævar inn á klefa í 10 mínútur.
7/2 1976 kl. 14:00 Örn fltr. talar nokkur orð við Sævar inn á klefa um þ.b. 5 mín.
8/2 1976 kl. 15:35 Örn fltr. talar við Sævar inn á klefa stutta stund.
8/2 1976 kl. 17:00 fór Eggert með Sævar í ökuferð.
8/2 1976 kl. 17:30 komu Eggert og Sævar aftur.
10/2 1976 kl. 09:30 Sævar færður fram til viðtals við Eggert rslm.
10/2 1976 kl. 10:05 Sævar færður á klefa sinn.
10/2 1976 kl. 19:20 Sævar færður af klefa 20 og settur í klefa 15.
11/2 1976 kl. 12:05 Örn fltr. talar stutta stund við Sævar inn á klefa.
11/2 1976 kl. 14:05 var Sævar færður fram til viðtals við Gísla Pálsson lögreglum. og Eggert rslm.
11/2 1976 kl. 14:30 Sævar færður á klefa sinn.
11/2 1976 kl. 18:50 fór Eggert rslm. með Sævar til tannlæknis. (tann úr dráttur).
11/2 1976 kl. 19:30 komið aftur með Sævar.
13/2 1976 kl. 13:10 Sævar færður fram til Sigurbjörns rslm., til viðtals.
13/2 1976 kl. 14:10 Sævar færður á klefa sinn.
14/2 1976 kl. 14:05 Eggert rslm. fór inn á klefa til Sævars og talaði við hann góða stund.
15/2 1976 kl. 16:00 fóru Örn fltr. og Eggert rslm. með Sævar í ökuferð.
15/2 1976 kl. 16:45 komið með Sævar úr ökuferðinni og reyndi hann að strjúka frá Erni og Eggert, en naðist strax.
18/2 1976 kl. 11:00 Eggert fer inn á klefa til Sævars og talar við hann.
18/2 1976 kl. 11:20 viðtalinu lokið.
18/2 1976 kl. 17:15 Eggert fer inn á klefa til Sævar og talar við hann smá stund.

19/2 1976 kl. 13:30 kom Guðsteinn læknir og talar við Sævar og breitir lyfjagjöf til Sævars.
19/2 1976 kl. 22:30 voru lyf gefin föngunum, en þá neitaði Sævar að taka lyfin sín og sagðist vera með hita og vilja fá lækni.
25/2 1976 kl. 15:30 kom Guðsteinn læknir og talar við Sævar og fl. fanga. Breitti læknirinn lyfjagjöf til Sævars.
28/2 1976 kl. 09:10 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
6/3 1976 kl. 11:00 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
8/3 1976 kl. 17:00 Sævar færður fram til Sigurbjörns rslm., til viðtals.
8/3 1976 kl. 18:05 viðtalinu lokið.
9/3 1976 kl. 17:00 Sævar færður fram til viðtals við Eggert og Sigurbjörn Víðir rslm.
9/3 1976 kl. 17:45 viðtalinu lokið.
9/3 1976 kl. 20:10 var Sævar færður fram til viðtals við Jón Oddsson hrl. og Eggert rslm.
9/3 1976 kl. 21:20 viðtalinu lokið.
10/3 1976 kl. 23:05 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn Víðir rslm.
10/3 1976 kl. 24:00 viðtalinu lokið.
11/3 1976 kl. 12:15 var Sævar færður fyrir dóm.
11/3 1976 kl. 12:25 var Sævar færður á klefa sinn, eftir að gæsluvarðhald hafði verið framlengt um 90 daga.
12/3 1976 kl. 16:00 kom Jón Oddsson hrl. til viðtals við Sævar.
12/3 1976 kl. 16:45 var Sævar færður fram til viðtals við Jón hrl. og var Sigurbjörn rslm. viðstaddur.
12/3 1976 kl. 17:35 viðtalinu lokið.
16/3 1976 kl. 20:35 talar Sigurbjörn Víðir rslm. við Sævar.
16/3 1976 kl. 20:40 viðtalinu lokið.
19/3 1976 kl. 10:30 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
19/3 1976 kl. 19:35 var Sævar færður fram til viðtals við Jón Oddsson hrl.
19/3 1976 kl. 19:50 viðtalinu lokið.

23/3 1976 kl. 20:20 var Sævar færður fram til viðtals við Jón Oddsson hrl. og Sigurbjörn Víðir.
23/3 1976 kl. 20:50 viðtalinu lokið.
1/4 1976 kl. 10:00 farið með Sævar í Sakadóm Reykjavíkur.
1/4 1976 kl. 11:10 komið með Sævar úr Sakadómi.
3/4 1976 kl. 15:55 var Sævar færður til viðtals við Sigurbjörn Víðir rslm.
3/4 1976 kl. 16:30 var Sævar færður á klefa sinn.
5/4 1976 kl. 15:30 var Sævar færður til viðtals við Eggert og Sigurbjörn rslm.
5/4 1976 kl. 15:50 viðtalinu lokið.
7/4 1976 kl. 20:30 var Sævar færður fram til viðtals við Ásgeir Friðjónsson dómara,
7/4 1976 kl. 23:30 viðtalinu lokið.
9/4 1976 kl. 18:05 var Sævar færður fram til viðtals við Jón Oddsson hrl.
9/4 1976 kl. 18:25 viðtalinu lokið.
13/4 1976 kl. 18:35 var Sævar færður fram til viðtals við Jón Oddsson hrl.
13/4 1976 kl. 19:00 viðtalinu lokið.
22/4 1976 kl. 10:30 var Sævar færður fram til yfirheyrslu.
22/4 1976 kl. 12:00 var gert matarhlé á yfirheyrslu yfir Sævari.
22/4 1976 kl. 12:50 var Sævar færður fram til yfirheyrslu.
22/4 1976 kl. 16:25 var Sævar færður á klefa sinn.
23/4 1976 kl. 10:10 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm.
23/4 1976 kl. 10:15 var gert hlé á viðtalinu og ræddi Sævar við Guðstein læknir.
23/4 1976 kl. 11:05 lauk viðtali Sigurbjörns og Sævars.
23/4 1976 kl. 15:10 Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm.
23/4 1976 kl. 18:20 viðtalinu lokið.
24/4 1976 kl. 11:25 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm.
24/4 1976 kl. 12:05 viðtalinu lokið.
24/4 1976 kl. 16:15 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm. og Hallvarð Einvarðsson.
24/4 1976 kl. 17:10 viðtalinu lokið. Skömmu eftir að Sævar kom inn á klefa, hringdi hann og óskaði eftir því að fá að segja orð við Hallvarð. Talaði hann örstutt við hann.

24/4 1976 kl. 20:30 Sigurbjörn rslm. ræðir við Sævar í 10 mínútur.
25/4 1976 kl. 18:40 var Sævar færður fram til viðtals við Eggert rslm.
25/4 1976 kl. 19:10 viðtalinu lokið.
26/4 1976 kl. 13:48 var Sævar færður til viðtals við Sigurbjörn rslm. og síðar komu þeir Örn fltr. og Hallvarður og fóru í viðtalið með Sigurbirni:
26/4 1976 kl. 15:50 Sævar færður á klefa sinn.
26/4 1976 kl. 17:10 var Sævar færður til viðtals við Örn fltr. og Sigurbjörn rslm.
26/4 1976 kl. 17:30 viðtalinu lokið.
26/4 1976 kl. 23:50 Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm.
27/4 1976 kl. 00:45 viðtalinu lokið.
27/4 1976 kl. 15:35 var Sævar færður fram til viðtals við Njörð Snæhólm og Sigurbjörn rslm.
27/4 1976 kl. 17:15 Hallvarður ræðir við Sævar, en Njörður fer.
27/4 1976 kl. 17:55 hélt Sigurbjörn rslm, viðtalinu áfram við Sævar, en Hallvarður fór.
27/4 1976 kl. 18:05 viðtalinu lokið.
27/4 1976 kl. 19:40 kom Jón Oddsson hrl. og ræddi við Sævar.
27/4 1976 kl. 21:45 lauk viðtalinu.
28/4 1976 kl. 12:40 var Sævar færður til viðtals við Sigurbjörn.
28/4 1976 kl. 13:05 viðtalinu lokið.
28/4 1976 kl. 21:25 var Sævar færður til viðtals við Ásgeir Friðjónsson dómara. X
28/4 1976 kl. 23:35 viðtalinu lokið.
29/4 1976 kl. 11:35 Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm.
29/4 1976 kl. 12:10 viðtalinu lokið.
30/4 1976 kl. 14:10 Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm. og Hallvarð Einvarðsson.
30/4 1976 kl. 14:40 Albert færður fram til viðtals við ofangreinda menn.
30/4 1976 kl. 15:40 viðtölum lokið.

5/5 1976 kl. 18:20 talar Njörður Snæhólm við Sævar inn á klefa.
5/5 1976 kl. 19:20 viðtalinu lokið.
5/5 1976 kl. 21:25 talast við í áheyrn Hallvarðs og Eggerts rslm., Kristján Viðar, Sævar Marinó og Erla Bolladóttir.
5/5 1976 kl. 22:50 viðtalinu lokið.
7/5 1976 kl. 16:55 tala Njörður Snæhólm við Sævar inn á klefa.
7/5 1976 kl. 18:45 viðtalinu lokið.
7/5 1976 kl. 18:50 talast við í áheyrn Arnar fltr. og Njarðar, þau Erla og Sævar.
7/5 1976 kl. 21:00 viðtalinu lokið.
7/5 1976 kl. 21:25 talast við í áheyrn sömu manna, þeir Sævar og Kristján Viðar.
7/5 1976 kl. 22:40 viðtalinu lokið.
8/5 1976 kl. 00:20 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm.. Sævar hafði óskað eftir samtali við Sigurbjörn.
8/5 1976 kl. 03:35 var skýrslutöku lokið og undirskrift hennar vottuð af þremur mönnum.
8/5 1976 kl. 12:45 var Sævar færður fram til viðtals við Örn fltr., Hallvarð og Sigurbjörn rslm.
8/5 1976 kl. 13:10 viðtalinu lokið.
17/5 1976 kl. 17:30 kom Ingvar Kristjánsson geðlæknir og talaði við Sævar smá stund.
20/5 1976 kl. 15:55 kom séra Jón Bjarman og talar við Sævar inn á klefa.
20/5 1976 kl. 17:00 viðtalinu lokið.
24/5 1976 kl. 16:20 talar Gylfi Ásmundsson sálfræðingur, við Sævar.
24/5 1976 kl. 16:30 viðtalinu lokið.
27/5 1976 kl. 17:15 talar séra Jón Bjarman við Sævar.
27/5 1976 kl. 18:05 viðtalinu lokið.
31/5 1976 kl. 16:10 Ingvar Kristjánsson geðlæknir talar við Sævar.
31/5 1976 kl. 18:00 samtalinu lokið.
1/6 1976 kl. 16:25 Ingvar Kristjánsson geðlæknir, talar við Sævar.
1/6 1976 kl. 17:30 samtali læknisins lokið.

4/6 1976 kl. 21:50 látnir ræðast við Tryggvi, Kristján og Sævar.
4/6 1976 kl. 23:55 Sævar færður á klefa sinn.
5/6 1976 kl. 09:25 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
5/6 1976 kl. 10:45 Sævar færður til viðtals við Sigurbjörn rslm.
5/6 1976 kl. 12:00 viðtalinu lokið.
5/6 1976 kl. 16:30 Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm.
5/6 1976 kl. 17:30 Sævar og Tryggvi ræðast við, að viðstöddum Sigurbirni rslm.
5/6 1976 kl. 18:15 báðir ofangreindir fangar færðir til klefa sinna.
7/6 1976 kl. 13:45 Sævar og Tryggvi látnir ræðast við, að viðstöddum Sigurbirni Víði rslm.
7/6 1976 kl. 17:15 Sævar og Tryggvi færðir á klefa sína.
9/6 1976 kl. 17:00 Sævar færður fram til Arnar fltr. og Jóns Oddssonar hrl.
9/6 1976 kl. 17:30 Sævar færður á klefa sinn. Úrskurður framlengdur um 90 daga.
9/6 1976 kl. 17:35 Sævar færður fram til viðtals við Jón Oddsson hrl. og Sigurbjörns rslm.
9/6 1976 kl. 18:00 viðtalinu lokið.
21/6 1976 kl. 17:25 var Sævar færður fram til viðtals við Ingvar Kristjánsson geðlæknir.
21/6 1976 kl. 19:20 viðtalinu lokið.
24/6 1976 kl. 17:15 var Sævar færður fram til viðtals við Jón Oddsson hrl. og Sigurbjörn rslm.
24/6 1976 kl. 18:00 viðtalinu lokið.
26/6 1976 kl. 09:10 kom Guðsteinn læknir og talaði við Sævar og fl. fanga.
3/7 1976 kl. 10:15 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl.
3/7 1976 kl. 11:15 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rslm. Ekki bókað hvenær viðtalinu lauk, en Sigurbjörn fór úr húsinu kl. 12:45.
6/7 1976 kl. 16:50 kom séra Jón Bjarman og talar við Sævar.
6/7 1976 kl. 18:40 viðtalinu lokið.

7/7 1976 kl. 16:40 kom Gylfi Ásmundsson sálfræðingur og talar við Sævar.
7/7 1976 kl. 18:10 viðtalinu lokið.
9/7 1976 kl. 16:20 Gylfi sálfræðinur talar við Sævar inn á klefa.
9/7 1976 kl. 17:15 viðtalinu lokið.
10/7 1976 kl. 10:00 Guðsteinn læknir talar við Sævar og breytti lyfjagjöf til hans.
12/7 1976 kl. 23:30 var Sævar færð lyf, samkvæmt venju. Hann neytaði tvívegis að taka lyfin og tjáði fangavörðum að væri vegna hjartveiki sinnar. Áður hefði komið fram, að mati læknis, að ekkert sé að hjártanu í Sævari. Hann fær því ekki lyf, þar til annað hefur verið ákveðið af lækninum.
13/7 1976 kl. 16:20 var Sævar færður fram til Ingvars Kristjánssonar geðlæknis., til viðtals.
13/7 1976 kl. 18:25 viðtalinu lokið.
14/7 1976 kl. 11:00 kom Jón Oddsson hrl. og maður frá sendiráði USA og var Sævar færður fram til viðtals við þá. X
14/7 1976 kl. 11:55 viðtalinu lokið.
16/7 1976 kl. 08:20 fór Eggert og Sigurbjörn rslm. með Sævar í heilalínurit.
16/7 1976 kl. 09:20 komið með Sævar aftur úr línuriti.
16/7 1976 kl. 17:00 Sævar og Erla færð til viðtals við Eggert og Sigurbjörn rslm.
16/7 1976 kl. 20:15 samtalinu lokið.
17/7 1976 kl. 10:00 Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rlsm., en þar fyrir var Erla B.
17/7 1976 kl. 12:00 viðtalinu lokið.
18/7 1976 kl. 09:45 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rlsm. og Erlu B.
18/7 1976 kl. 12:55 viðtalinu lokið.
19/7 1976 kl. 13:30 Sigurbjörn rslm. ræðir við Sævar og Erlu.
19/7 1976 kl. 19:25 viðtalinu lokið.
19/7 1976 kl. 20:20 fóru Sigurbjörn rlsm. og Hlynur Þór fangav. með Sævar og Erlu út úr húsinu.
19/7 1976 kl. 22:50 komið með Erlu og Sævar aftur.
20/7 1976 kl. 10:20 voru Sævar og Erla færð fram til viðtals við Sigurbjörn rlsm.

20/7 1976 kl. 12:50 fóru þeir Sigurbjörn og Hlynur með Sævar og Erlu í ökuferð.
20/7 1976 kl. 14:30 komið með Sævar og Erlu úr ökuferðinni. Smatali við þau haldið áfram.
20/7 1976 kl. 16:10 samtalinu lokið.
20/7 1976 kl. 20:37 Sigurbjörn ræðir við Sævar og Erlu,
20/7 1976 kl. 22:20 samtalinu lokið.
21/7 1976 kl. 10:00 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rlsm.
21/7 1976 kl. 10:15 viðtalinu lokið.
21/7 1976 kl. 17:50 Sigurbjörn ræðir við Erlu og Sævar.
21/7 1976 kl. 19:40 samtalinu lokið.
22/7 1976 kl. 10:35 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn rlsm., en þar var fyrir Erla.
22/7 1976 kl. 12:00 viðtalinu lokið.
22/7 1976 kl. 20:25 Sævar og Erla færð fram til viðtals við Sigurbjörn rlsm.
22/7 1976 kl. 21:15 viðtalinu lokið.
23/7 1976 kl. 09:30 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn og stuttu síðar Erla.
23/7 1976 kl. 11:40 viðtalinu lokið.
23/7 1976 kl. 13:30 fóru Sigurbjörn og Hlynur með Sævar og Erlu út í hraun.
23/7 1976 kl. 15:00 komið með Sævar og Erlu aftur.
23/7 1976 kl. 22:35 var Sævar færður fram til viðtals við Hallvarð og Sigurbjörn. Var Erla þar fyrir.
23/7 1976 kl. 22:50 samtalinu lokið.
24/7 1976 kl. 09:30 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörn.
24/7 1976 kl. 10:00 viðtalinu lokið.
24/7 1976 kl. 21:00 var Sævar færður fram til viðtals við Hallvarð og Sigurbjörn.
25/7 1976 kl. 00:15 viðtalinu lokið.
25/7 1976 kl. 14:00 var Sævar færður fram til viðtals við Hallvarð.
25/7 1976 kl. 15:55 viðtalinu lokið.
26/7 1976 kl. 10:00 Sigurbjörn ræðir við Sævar og Erlu.
26/7 1976 kl. 11:45 viðtalinu lokið.
26/7 1976 kl. 13:30 fóru Sigurbjörn og Högni fangav. með Sævar og Erlu í ökuferð.

26/7 1976 kl. 14:45 komið aftur með Sævar og Erlu og samtali haldið áfram í horninu.
26/7 1976 kl. 15:10 samtalinu lokið.
27/7 1976 kl. 08:00 Sigurbjörn rlsm. ræðir stuttlega við Sævar og síðan Erlu.
27/7 1976 kl. 09:30 var Sævar færður fram til viðtals við Ingvar Kristjánsson geðlæknir.
27/7 1976 kl. 10:30 viðtalinu lokið.
27/7 1976 kl. 13:30 Sigurbjörn ræðir við Sævar og Erlu.
27/7 1976 kl. 14:50 var Sævar færður á klefa sinn.
28/7 1976 kl. 14:25 var Sævar færður fram til viðtals við Sigurbjörm rlsm.
28/7 1976 kl. 15:00 viðtalinu lokið.
29/7 1976 kl. 22:00 var Sævar færður fram til viðtals við Hallvarð.
29/7 1976 kl. 23:30 viðtalinu lokið.
30/7 1976 kl. 08:25 var farið með Sævar til læknisskoðunar á Kleppsspítala.
30/7 1976 kl. 09:10 komið aftur með Sævar úr læknisskoðun.
3/8 1976 kl. 20:20 kom séra Jón Bjarman og talaði við Sævar og fl. fanga.
5/8 1976 kl. 23:15 var Sævar færður til viðtals við Eggert Bjarnason rlsm. og Erlu B.
5/8 1976 kl. 23:30 var Sævar færður á klefa sinn.
6/8 1976 kl. 14:00 kom læknir og tók blóðprufu frá Sævari og fl. föngum.
7/8 1976 kl. 14:05 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
10/8 1976 kl. 10:45 farið með Sævar til tannlæknis.
10/8 1976 kl. 12:00 komið með Sævar frá tannlækninum.
12/8 1976 kl. 15:55 varið með Sævar til Haraldar Dungal tannlæknis.
12/8 1976 kl. 17:05 komið með Sævar frá tannlækninum.
14/8 1976 kl. 09:15 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
17/8 1976 kl. 15:15 farið með Sævar til tannlæknis.
17/8 1976 kl. 16:15 komið með Sævar frá tannlækninum.
17/8 1976 kl. 17:10 fóru Pétur Eggerz og Karl Schutz inn á klefa og töluðu við Sævar.
18/8 1976 kl. 19:45 var Sævar færður fram til viðtals við Ingvar Kristjánsson geðlæknir.

14/9 1976 kl. 21:20 komið með Sævar aftur úr Sakadómi.
18/9 1976 kl. 08:15 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
20/9 1976 kl. 13:50 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar Sigurðsson lögreglum.
20/9 1976 kl. 19:00 viðtalinu lokið.
21/9 1976 kl. 15:20 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar Sigurðsson lögreglum.
21/9 1976 kl. 18:15 fer Rúnar úr húsinu, en ekki er skráð hvenær viðtali hans við Sævar lauk.
22/9 1976 kl. 15:50 var Sævar fluttur í Sakadóm til viðtals við Schutz.
22/9 1976 kl. 18:05 komið með Sævar úr Sakadómi.
25/9 1976 kl. 17:07 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
29/9 1976 kl. 19:55 var Sævar færður fram til viðtals við Gretar Sæmundsson rslm.
30/9 1976 kl. 01:05 viðtalinu lokið.
30/9 1976 kl. 13:50 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar Sigurðsson lögreglum.
30/9 1976 kl. 21:45 kom Jón Oddsson hrl., að beiðni Rúnars og fór Jón í viðtalið hjá Sævar og Rúnari.
30/9 1976 kl. 22:45 lauk viðtalinu. Þess skal getið að yfirheyrsla stóð lengur en 6 klst. með vitund og vilja Sævars og vottað af Jóni Oddssyni hrl. og tveimur fangavörðum.
1/10 1976 kl. 13:10 fóru Jónas og Rúnar með Sævar út úr húsinu.
1/10 1976 kl. 17:10 komið með Sævar aftur.
2/10 1976 kl. 13:20 var Sævar færður fram til viðtals við Grétar Sæmundsson rslm.
2/10 1976 kl. 16:12 viðtalinu lokið.
4/10 1976 kl. 12:30 var Sævar færður fram til viðtals við Grétar rslm.
4/10 1976 kl. 14:40 viðtalinu lokið.
4/10 1976 kl. 14:50 farið með Sævar til tannlæknis.
4/10 1976 kl. 16:10 komið með Sævar frá tannlækninum.
4/10 1976 kl. 21:30 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar lögreglum.
5/10 1976 kl. 01:15 viðtalinu lokið.

5/10 1976 kl. 10:15 farið með Sævar út úr húsinu.
5/10 1976 kl. 11:35 komið með Sævar aftur.
5/10 1976 kl. 14:50 farið með Sævar til tannlæknis.
5/10 1976 kl. 16:50 komið með Sævar frá tannlækninum.
5/10 1976 kl. 21:00 var Sævar færður fram til yfirheyrslu.
6/10 1976 kl. 02:20 yfirheyrslu lokið.
6/10 1976 kl. 14:45 farið með Sævar til tannlæknis.
6/10 1976 kl. 15:25 komið með Sævar frá tannlækninum.
6/10 1976 kl. 20:30 var Sævar færður fram til viðtals við Jónas og Rúnar.
6/10 1976 kl. 22:54 viðtalinu lokið.
7/10 1976 kl. 09:55 farið með Sævar út úr húsinu.
7/10 1976 kl. 10:55 komið með Sævar aftur.
7/10 1976 kl. 14:20 farið með Sævar til tannlæknis.
7/10 1976 kl. 15:10 komið aftur með Sævar frá tannlækninum.
7/10 1976 kl. 21:15 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar lögreglum.
8/10 1976 kl. 00:30 viðtlinu lokið.
8/10 1976 kl. 22:20 Rúnar lögreglum. talar við Sævar inn á klefa.
8/10 1976 kl. 23:30 viðtalinu lokið.
9/10 1976 kl. 10:15 koma Örn Höskuldsson fltr. og Rúnar lögreglum., en Svæar óskaði eftir viðtali við þá.
9/10 1976 kl. 11:15 var Sævar færður fram til viðtals við Örn fltr. og Rúnar.
9/10 1976 kl. 11:25 var Sævar færður inn á klefa sinn.
9/10 1976 kl. 17:45 Rúnar talar við Sævar.
9/10 1976 kl. 18:40 viðtalinu lokið.
11/10 1976 kl. 10:45 Grétar og Rúnar tala við Sævar inn á klefa hans.
11/10 1976 kl. 11:40 viðtalinu lokið.
13/10 1976 kl. 13:40 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar lögreglum.
13/10 1976 kl. 17:40 viðtalinu lokið.
14/10 1976 kl. 13:30 kom Jón Oddsson hrl. og maður frá sendiráði USA og töluð þeir við Sævar í áheyrn Rúnars og Haraldar Árnasonar rslm. X
14/10 1976 kl. 14:20 viðtalinu lokið.

14/10 1976 kl. 17:45 Rúnar lögreglum. talar við Sævar inn á klefa.
14/10 1976 kl. 19:10 viðtalinu lokið.
14/10 1976 kl. 20:45 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar lögreglum.
15/10 1976 kl. 00:40 viðtalinu lokið.
15/10 1976 kl. 16:20 fara Rúnar og Haraldur út úr húsinu með Sævar.
15/10 1976 kl. 17:55 komið með Sævar aftur.
16/10 1976 kl. 08:25 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
16/10 1976 kl. 15:30 Rúnar talar við Sævar inn á klefa í 10 mínútur.
16/10 1976 kl. 17:45 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar.
16/10 1976 kl. 19:45 viðtalinu lokið.
18/10 1976 kl. 17:55 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar.
18/10 1976 kl. 18:45 viðtalinu lokið.
19/10 1976 kl. 14:30 fóru Jónas og Rúnar með Sævar út úr húsinu.
19/10 1976 kl. 15:20 komið með Sævar aftur.
21/10 1976 kl. 13:05 farið með Sævar til tannlæknis.
21/10 1976 kl. 14:55 komið með Sævar aftur frá tannlækninum.
22/10 1976 kl. 10:30 var Sævar færður fram til viðtals við Schutz, Pétur og Rúnar.
22/10 1976 kl. 12:15 viðtalinu lokið.
23/10 1976 kl. 10:50 var Sævar færður fram til Rúnars, til viðtals.
23/10 1976 kl. 12:15 viðtalinu lokið.
25/10 1976 kl. 11:40 komu Rúnar og Ragnar Vignir og var tekin mynd af Sævari.
26/10 1976 kl. 14:05 fóru Jón Oddsson hrl. og Rúnar inn á klefa til Sævar og töluðu við hann.
26/10 1976 kl. 15:05 viðtalinu lokið.
27/10 1976 kl. 12:55 sótti Rúnar Sævar fyrir Schutz.
27/10 1976 kl. 18:00 kom Rúnar með Sævar og fór með hann í hornið til viðtals.
27/10 1976 kl. 23:00 viðtalinu lokið. Það skal tekið fram að það var með vitund og vilja Sævars að talað var við hann lengur en 6 klst..

27/10 1976 kl. 23:50 var Sævar færður fram til viðtals við Schutz, Pétur og Rúnar.
28/10 1976 kl. 01:34 viðtalinu lokið.
28/10 1976 kl. 15:00 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar og Halrald.
29/10 1976 kl. 00:15 lauk viðtalinu. A.T.H. halið var áfram yfirheyrslu fram yfir 6 klst. með samþykki og vitund Sævars.
29/10 1976 kl. 14:50 farið með Sævar í ökuferð.
29/10 1976 kl. 18:50 komið með Sævar aftur.
30/10 1976 kl. 09:55 Jónas Bjarnason rslm. talar við Sævar inn á klefa.
30/10 1976 kl. 10:05 viðtalinu lokið.
30/10 1976 kl. 18:45 Sævar færður fram til viðtals við Rúnar.
30/10 1976 kl. 20:20 viðtalinu lokið.
31/10 1976 kl. 20:50 var Sævar færður fram til viðtals við Rúnar.
31/10 1976 kl. 22:30 viðtalinu lokið.
3/11 1976 kl. 19:28 var Sævar færður fram til viðtals við Schutz, Pétur og Sigurbjörn.
3/11 1976 kl. 20:35 viðtalinu lokið.
4/11 1976 kl. 14:15 var Sævar sóttur af Grétari og Jónasi og farið með hann til Schutz.
4/11 1976 kl. 17:32 komið með Sævar frá Schutz.
6/11 1976 kl. 13:30 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
6/11 1976 kl. 18:55 var Sævar færður fram til viðtals við Jónas Bjarnason rslm.
6/11 1976 kl. 22:50 viðtalinu lokið.
8/11 1976 kl. 14:35 var Sævar færður fram til Schutz og Dóru Hlín, þar sem hann fékk að sjá barn sitt.
8/11 1976 kl. 15:45 Sævar færður á klefa sinn.
8/11 1976 kl. 16:30 var Sævar færður fram til viðtals við Schutz, Pétur og Eggert rslm.
8/11 1976 kl. 17:05 viðtalinu lokið.
8/11 1976 kl. 20:40 Schutz og Pétur tala við Sævar.
8/11 1976 kl. 21:30 Sævar færður á klefa sinn.
9/11 1976 kl. 12:50 sóttu Jónas og Ívar rslm. Sævar.
9/11 1976 kl. 13:45 komið aftur með Sævar.

11/11 1976 kl. 13:00 komu Schutz, Pétur, Eggert og Grétar og tala við Sævar.
11/11 1976 kl. 13:18 lauk viðtalinu og fóru lögreglum. með Sævar út úr húsinu.
11/11 1976 kl. 15:00 komið aftur með Sævar.
13/11 1976 kl. 11:00 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
15/11 1976 kl. 11:00 kom Jónas Bjarnason rslm. og talar við Sævar.
15/11 1976 kl. 12:00 viðtalinu lokið.
15/11 1976 kl. 12:45 var Sævar færður fram til viðtals við Jónas rslm.
15/11 1976 kl. 13:15 var Sævar færður inn á klefa, eftir að hann hafði undirritað skýrslu.
15/11 1976 kl. 16:15 talar Schutz og Pétur augnablik við Sævar.
16/11 1976 kl. 17:55 Schutz og Pétur tala við Sævar.
16/11 1976 kl. 19:50 viðtalinu lokið.
17/11 1976 kl. 11:50 fara Schutz, Pétur og Jónas rslm. með Sævar í ökuferð.
17/11 1976 kl. 12:50 komið með Sævar aftur.
17/11 1976 kl. 20:00 var Sævar færður til viðtals við Jónas Bjarnason rslm.
17/11 1976 kl. 22:40 viðtalinu lokið.
18/11 1976 kl. 14:45 tala Schutz, Pétur og Jónas við Sævar.
18/11 1976 kl. 15:38 viðtalinu lokið.
19/11 1976 kl. 17:15 talar Jón Oddsson hrl. og Jónas við Sævar.
19/11 1976 kl. 18:40 viðtalinu lokið.
20/11 1976 kl. 09:10 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
20/11 1976 kl. 16:45 var Sævar færður fram til viðtals við Schutz og Pétur.
20/11 1976 kl. 18:30 viðtalinu lokið.
21/11 1976 kl. 15:25 var Sævar færður fram til viðtals við Jónas rslm.
21/11 1976 kl. 16:15 viðtalinu lokið.
25/11 1976 kl. 16:45 talar Jónas rslm. við Sævar inn á klefa.
25/11 1976 kl. 19:05 viðtalinu lokið.

28/11 1976 kl. 13:55 Jónas rslm, ræðir við Sævar í 15. mín.
29/11 1976 kl. 16:35 Jónas rslm. talar við Sævar inn á klefa hans.
29/11 1976 kl. 18:00 viðtalinu lokið.
30/11 1976 kl. 16:15 Jónas talar við Sævar inn á klefa hans.
30/11 1976 kl. 18:10 viðtalinu lokið.
1/12 1976 kl. 13:15 fara Ívar og Jónas rslm. með Sævar út úr húsinu.
1/12 1976 kl. 16:25 komu sömu menn aftur með Sævar.
2/12 1976 kl. 14:25 Jónas rslm. tala við Sævar inn á klefa.
2/12 1976 kl. 17:20 viðtalinu lokið.
5/12 1976 kl. 15:50 var Sævar færður fram til viðtals við Schutz og Pétur.
5/12 1976 kl. 17:35 viðtalinu lokið.
5/12 1976 kl. 22:05 var hringt í Jónas rslm., að beiðni Sævars.
5/12 1976 kl. 22:30 kom Jónas og talar við Sævar.
5/12 1976 kl. 23:30 viðtalinu lokið.
6/12 1976 kl. 15:50 komu Sigurbjörn og Grétar rslm. og fóru með Sævar í Sakadóm.
6/12 1976 kl. 16:15 komið með Sævar aftur og hafði þá verið framlengdur úrskurður um 150 daga.
6/12 1976 kl. 23:00 talar Jónas rslm. við Sævar og var það samkvæmt ósk Sævars.
6/12 1976 kl. 23:34 viðtalinu lokið.
7/12 1976 kl. 16:50 var Sævar færður fram til viðtals við Schutz og Pétur.
7/12 1976 kl. 19:15 viðtalinu lokið.
8/12 1976 kl. 13:30 fóru Jónas og Ívar í ökuferð með Sævar.
8/12 1976 kl. 15:10 komu sömu menn með Sævar aftur.
8/12 1976 kl. 20:20 var Sævar færður fram til viðtals við Jónas.
8/12 1976 kl. 22:10 viðtalinu lokið.
9/12 1976 kl. 13:00 sótti Grétar Sæmundsson rslm. Sævar og fór með hann í ökuferð.
9/12 1976 kl. 14:05 komið með Sævar aftur.
9/12 1976 kl. 17:14 var Sævar færður fram til viðtals við Jónas.
9/12 1976 kl. 23:35 viðtalinu lokið. ATH. Grétar Sæmundss. var viðstaddur samtalið.

11/12 1976 kl. 09:45 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga.
13/12 1976 kl. 10:55 fóru Jónas og Haraldur Árnason rslm. með Sævar út í ökuferð.
13/12 1976 kl. 11:45 komið með Sævar aftur.
13/12 1976 kl. 17:30 talar Örn fltr. örstutt við Sævar, inn á klefa.
13/12 1976 kl. 22:30 var Sævar færður fram til viðtals við Jónas rslm.
13/12 1976 kl. 23:40 viðtalinu lokið.
14/12 1976 kl. 18:10 talar Jónas við Sævar inn á klefa hans.
14/12 1976 kl. 19:15 viðtalinu lokið.
15/12 1976 kl. 13:10 var Sævar færður fram til viðtals við Schutz og Pétur. Fóru þeir með Sævar í bíltúr.
15/12 1976 kl. 14:35 komið með Sævar aftur.
16/12 1976 kl. 10:20 fóru Schutz, Pétur og Jónas með Sævar á ökuferð.
16/12 1976 kl. 12:10 komið með Sævar úr ökuferðinni.
16/12 1976 kl. 13:20 sótti Grétar Sæmundsson rslm. Sævar.
16/12 1976 kl. 14:50 komu Grétar og Jónas rslm. með Sævar.
18/12 1976 kl. 09:30 Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fagga.
18/12 1976 kl. 14:50 var Sævar færður til viðtals við Jónas.
18/12 1976 kl. 15:45 viðtali lokið.
21/12 1976 kl. 17:20 Sigurbjörn Víðir talar við Sævar inn á klefa.
21/12 1976 kl. 18:00 viðtalinu lokið.
21/12 1976 kl. 21:30 tala Grétar og Sigurbjörn rslm. við Sævar. Sigurbjörn fór kl. 22:10.
22/12 1976 kl. 01:04 lauk viðtali Grétars við Sævar.
22/12 1976 kl. 14:00 var Sævar færður fram til viðtals við Örn fltr. og Harald Árnason rslm.
22/12 1976 kl. 14:55 viðtalinu lokið.
22/12 1976 kl. 19:50 talar Jónas Bjarnason við Sævar inn 'a klefa.
22/12 1976 kl. 20:05 fór Grétar Sæmundsson rslm. inn á klefa til Sævars og Jónasar.
22/12 1976 kl. 20:30 kom Grétar út frá Sævari og Jónasi.
22/12 1976 kl. 20:50 lauk viðtali Jónasar við Sævar.

| | | |
|---|---|---|
| 23/12 1976 | kl. 10:30 | hringir Örn fltr. og segir það í athugun að láta Sævar hafa Morgunblaðið til aflestrar. |
| 23/12 1976 | kl. 13:30 | Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga. |
| 23/12 1976 | kl. 15:45 | kom Jónas Bjarnason rslm. með Morgunblaðið til Sævars. |
| 24/12 1976 | kl. 13:20 | var Sævar færður fram til viðtals við Jón Oddsson hrl. og Jónas Bjarnason. |
| 24/12 1976 | kl. 14:45 | viðtalinu lokið. |
| 24/12 1976 | kl. 15:00 | kom Jónas Bjarnason með Morgunblaðið til Sævars. |
| 27/12 1976 | kl. 14:25 | fóru Jón Oddsson hrl. og Jónas rslm. inn á klefa til Sævars og töluðu við hann. |
| 27/12 1976 | kl. 16:08 | lauk samtalinu. |
| 28/12 1976 | kl. 13:00 | var Sævar færður fram til viðtals við Grétar og Jónas rslm. |
| 28/12 1976 | kl. 13:55 | viðtalinu lokið. |
| 28/12 1976 | kl. 22:15 | var Sævar færður fram til viðtals við Jónas rslm. |
| 28/12 1976 | kl. 23:20 | viðtalinu lokið. |
| 31/12 1976 | kl. 11:50 | Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga. |

---

| | | |
|---|---|---|
| 6/1 1977 | kl. 13:45 | sóttur Ívar og Jónas rslm. Sævar og fóru með hann í ökuferð. |
| 6/1 1977 | kl. 15:30 | komið með Sævar aftur. |
| 6/1 1977 | kl. 17:00 | komu Sigurbjörn, Ívar og Bjarnfríður með barn Sævars og fékk hann að sjá barnið. |
| 6/1 1977 | kl. 18:10 | lauk heimsókn barnsins og var Sævar færður til klefa síns. |
| 7/1 1977 | kl. 13:45 | var Sævar færður fram til viðtals við Grétar og Jónas rslm. |
| 7/1 1977 | kl. 15:05 | viðtalinu lokið. |
| 8/1 1977 | kl. 11:15 | Guðsteinn læknir talar við Sævar og fl. fanga. |
| 10/1 1977 | kl. 13:20 | var Sævar færður fram til viðtals við Ívar og Jónas rslm. |

10/1 1977 kl. 14:55 viðtalinu lokið.
12/1 1977 kl. 13:10 sóttu Jónas og Grétar rslm. Sævar og fóru með hann út.
12/1 1977 kl. 15:03 komið með Sævar aftur.
14/1 1977 kl. 16:10 Jónas rslm. talar við Sævar inn á klefa.
14/1 1977 kl. 16:20 viðtalinu lokið.
16/1 1977 kl. 14:20 Jónas og Grétar rslm. fóru með Sævar í ökuferð.
16/1 1977 kl. 16:00 komið aftur með Sævar.
17/1 1977 kl. 14:05 kom Bjarni Matthíasson lögreglum. og birti Sævar ákæru ríkissaksóknara.
19/1 1977 kl. 14:25 fóru Jónas og Magnús Magnússon rslm. með Sævar í ökuferð.
19/1 1977 kl. 15:58 komu sömu menn með Sævar aftur.
20/1 1977 kl. 13:40 var Sævar færður til viðtals við Jónas rslm. og Ásgeir Friðjónsson dómara. X
20/1 1977 kl. 15:03 viðtalinu lokið.
22/1 1977 kl. 20:20 var Sævar færður fram til viðtals við Grétar rslm.
22/1 1977 kl. 20:50 viðtalinu lokið.
22/1 1977 kl. 21:30 talar Jónas rslm. við Sævar inn á klefa.
22/1 1977 kl. 21:50 viðtalinu lokið.
24/1 1977 kl. 18:10 var Sævar færður fyrir Grétar og Jónas til viðræðna.
24/1 1977 kl. 18:35 kom Jón Oddsson hrl. og fer í samtalið við Sævar ásamt Grétari og Jónasi.
24/1 1977 kl. 19:20 viðtalinu lokið og Sævar færður til klefa síns.
26/1 1977 kl. 14:00 var Sævar færður til viðtals við Jónas.
26/1 1977 kl. 14:10 kom Jón Oddsson hrl. og maður frá sendiráði USA og ræddu þeir við Sævar. X
26/1 1977 kl. 15:35 viðtalinu lokið.
27/1 1977 kl. 14:02 fór Jónas og Ívar rslm. með Sævar í ökuferð.
27/1 1977 kl. 15:58 komu sömu menn með Sævar aftur.
29/1 1977 kl. 15:35 var Sævar færður til viðtals við Ívar Hannesson rslm.
29/1 1977 kl. 16:10 viðtalinu lokið.

31/1 1977 kl. 14:33 var Sævar fluttur í Hegningahúsið við Skólavörðustíg.

5/5 1977 kl. 14:30 var komið með Sævar frá Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Ekkert talað við hann síðan, nema af lögmanni hans og lækni fangelsins.

Rétt endurrit staðfest

Gunnar Guðmundsson
forstöðum.